

Lifum við á „síðustu dögum“? (1. hluti)

Byggt á 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



ERU ÞETTA „SÍÐUSTU DAGAR“?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvað heldurðu að aðrir segi?

Hverju trúir þú?

Hvers vegna trúirðu því?

2

SKOÐAÐU HVAÐ BIBLÍAN KENNIR


Í Biblíunni var sagt fyrir um tímabil sem er kallað síðustu dagar. (Sjá 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 1-5.)

Lestu Jesaja 46:10.

Hvers vegna getum við trúað því að Jehóva geti sagt fyrir um síðustu daga?

Lestu Matteus 24:3 og 2. Tímóteusarbréf 3:1.

Hvernig gefa þessi vers til kynna að heimurinn í núverandi mynd taki enda?



Heimsástandið staðfestir að stutt er í endalok þessa illa heims á sama hátt og kennileiti hjálpa manni að sjá hvenær stutt er á áfangastað.

Í Biblíunni var sagt fyrir um einkenni okkar daga.

(Sjá 9. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 6-11.)

Lestu Matteus 24:7 og Lúkas 21:11.

Hvaða dæmi um þessa þróun hefur þú séð eða heyrt um?

Lestu 2. Tímóteusarbréf 3:1-5.

Nefndu einhverja af þessum eiginleikum sem þú hefur tekið eftir í kringum þig?

Hvað sannfærir þig um að við lifum á síðustu dögum?

3

ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR ...

Það hafa alltaf verið stríð, hungursneyðir og náttúruhamfarir. Svo okkar tímar eru ekkert sérstakir í mannkynssögunni.

GÆTIRÐU SAGT ...

Það er rétt að þannig hefur það verið frá því sögur hófust. En ég trúi því að við lifum á mjög merkilegum tímum af því að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR ...

Kannski eiga þessir spádómar eftir að passa enn þá betur við eitthvert tímabil í framtíðinni.

GÆTIRÐU SAGT ...

Margir eru þeirrar skoðunar. En ég er ekki sammála því af því að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?
